



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vegna skólaársins 2023-2024

Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vegna skólaársins 2023-2024 voru afhent á hverjum starfsstað fyrir sig þar sem ekki voru haldnar sérstakar fagráðstefnur á vegum skóla- og frístundasviðs þetta skólaárið vegna Menntastefnumótsins 17. maí 2024. Afhendingarnar voru teknar upp á myndbönd sem síðan voru klippt saman og sýnd á Menntastefnumótinu.

Markmiðið með verðlaununum er að vekja athygli á gróskumiklu starfi sem fram fer í leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og skólahljómsveitum Reykjavíkurborgar. Verðlaununum er ætlað að veita starfsfólki þessara starfsstaða jákvæða hvatningu og stuðla að nýbreytni og þróunarstarfi.

Verðlaunin sem veitt voru starfsstöðum voru listmunir eftir Ísak Óla Sævarsson sem tilheyrir hópnum *List án landamæra* ásamt viðurkenningarskjali. Samstarfsverkefni sem hlutu viðurkenningar fengu viðurkenningarskjöl.

Hvatningarverðlaun fyrir leikskólastarf

- Leikskólinn Múlaborg fyrir verkefnið Skynörvun. *Óhefðbundnar leik- og námsleiðir.*
- Leikskólinn Funaborg fyrir verkefnið Bernskulæsi – *Gríptu tækifærið*

Hvatningarverðlaun fyrir grunnskólastarf

- Ártúnsskóli fyrir verkefnið *Teningasögur, spunaspil sem námsefni*
- Ingunnarskóli fyrir verkefnið *Réttarhöld*
- Klettaskóli fyrir verkefnið *Tobii fjör (talað með tjáskiptatækni)*
- Háteigsskóli fékk viðurkenningu fyrir verkefnið *Tenging er töff – eflum samskipta- og félagshæfni í nemendahópnum*
- Selásskóli fékk viðurkenningu fyrir verkefnið *Sköpunarsmiðjur með áherslu á STEM í 1. og 2. bekk*

Hvatningarverðlaun fyrir frístundastarf

- Félagsmiðstöðin Sigyn fyrir verkefnið *Jaðaríþróttaklúbbur*
- Félagsmiðstöðin Askja fyrir verkefnið *Samskiptasáttmáli*
- Frístundaheimilið Skýjaborgir fyrir verkefnið *Tónlistarklúbbur Skýjaborga*

Viðurkenning fyrir samstarfsverkefni

- Ingunnarskóli, Selásskóli og Vesturbæjarskóli fyrir samstarfsverkefnið *Bátaleikarnir*
- Samstarfsverkefni leikskólans Bergs, Klébergsskóla og Frístundaheimilisins Kátakot fyrir samstarfsverkefnið *Allir saman á Klébergi.*
- Frístundaheimili Tjarnarinnar fengu viðurkenningu fyrir samstarfsverkefnið *Regnbogahlaup Tjarnarinnar*